

Nd.

542. Tillaga

til þingsályktunar um sjúkravistarstyrk handa geðveikum þurfamönnum.

(Eftir fyrri umr. i Nd.)

Alþingi ályktar að heimila landsstjórninni að greiða úr ríkissjóði, þangað til lokið er að reisa fyrirhugaða viðbót við geðveikrahælið á Kleppi, þann

hluta af meðgjöf með geðveikum þurfalingsum á svo kölluðum »Litla-Kleppi« í Reykjavík, sem fer fram úr meðgjöfnni á Kleppshælinu, þó með því skilyrði, að dvalarkostnaður þurfalings á »Litla-Kleppi« sje ekki hærri en 8 kr. á dag, enda sje stofnun þessi undir eftirliti heilbrigðisstjórnar ríkisins.